

180. aðalráðstefna

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Umbreytandi máttur trúar og persónuleika

Öldungur Richard G. Scott
í Tólfpostulasveitinni

Þegar við skiljum og iðkum trú réttilega, mun hún hafa gríðarlega víðtæk áhrif. Slík trú megnar að umbreyta lífi manna, breyta því úr dauflugu, almennu og hversdagslegu lífi í hljómkviðu gleði og hamingju. Trúariðkun er nauðsynleg í sæluáætlun himnesks föður. En sönn trú, trú til sáluhjálpar, hefur Drottin Jesú Krist að þungamiðju, hún er trú á kenningar hans, trú á spámannlega leiðsögn hinna smurðu Drottins, trú á getu til að uppgötva leynda persónueiginleika sem megna að umbreyta lífinu. Trú á frelsarann er sannlega grundvallarregla verka og máttar.

Trú er undirstaða sköpunar. Ég er fullviss um að frelsarinn Jesús Kristur iðkar trú í því hlutverki sínu að starfa undir leiðsögn himnesks föður. Meistarinn notaði trúna jafnt til að skapa fjarlægustu vetrarbrautir og til að raða saman kvörkum, sem eru minnsta efniseining sem við nú þekkjum. Ég álit þó að til séu enn smærri efniseiningar í furðum sköpunarinnar.

Hjón sem innsiglast í musterinu sýna trú á framtíðina. Þau skilja að með því að hlíta kenningum Jesú Krists og sæluáætlun himnesks föður, geti þau átt hamingjuríkt líf saman. Þeim er ljóst að þegar fyrirhugaðar áskoranir koma, fylgja þeim fjölmörg tækifæri til þroska, og þau munu finna leiðir, eins og heilagur andi blæs þeim í brjóst, til að sigrast á þeim, svo þær verði þeim til farsældar og eflí persónuleika þeirra.

Trú og persónuleiki eru nátengd hvort öðru. Trú á þann kraft sem hlýðni við boðorð Guðs veitir mun efla og styrkja persónuleika okkar, og það mun nýtast okkur á neyðarstundum. Slíkur persónuleiki verður ekki að veruleika um leið og áskorun eða freisting kveður dyra. Eða um leið og við hyggjumst láta reyna á hann. Trúariðkun okkar á sönnum reglum byggir upp persónuleika og sterkari persónuleiki gerir okkur kleift að sýna aukna trú. Af því leiðir aukna getu okkar og sjálfstraust til að sigrast á raunum lífsins. Því meira sem við eflum persónuleika okkar, því hæfari verðum við í því að beita krafti trúar. Við munum komast að því hvernig trú og persónuleiki vinna saman að því að efla hvort annað. Persónuleikamótun er þolinmæðisverk og á sér stað með hlýðni við reglur og kenningar.

Hugh B. Brown forseti sagði: „Alltaf þegar menn hyggjast tileinka sér hin mikilsverðu andlegu gildi, verða þeir að iðka trú til þess. Maðurinn getur ekki lifað án trúar, því meginvandi lífsins er mótun persónuleikans – sem er ekki afurð rökfræði, heldur árangur trúar á hugsjónir og fórnfúsar hollustu við þær“ (í Conference Report, okt. 1969, 105). Við sýnum trú í verki. Joseph Smith sagði „trú [vera] reglu verka og kraftar“ (*Lectures on Faith* [1985], 72).

Við verðum það sem við viljum verða með því að vera dag hvern það sem við viljum verða. Réttlátur persónuleiki er dýrmæt staðfesting á því hver við erum að verða.

Réttlátur persónuleiki hefur meira gildi en einhver efnislegur hlutur sem við eigum, einhver þekking sem við höfum aflað okkur með námi, eða eitthvert markmið sem við höfum náð, hversu mikilsvert sem mannkyni kann að finnast það. Í næsta lífi mun réttlátur persónuleiki okkar metinn til að ákvarða hve vel við nýttum forréttindi jarðlífsins.

Hvorki Satan né nokkuð annað afl fær eyðilaggt eða rýrt vaxandi persónuleika okkar. Það getum við aðeins gert sjálf með óhlýðni. Ósvikinn persónuleiki verður að einskis verðri ösku þegar undirferli eða miðgjörðir spilla honum.

Öflug siðferðismótun persónuleikans á sér stað með stöðugu réttu vali í erfiðum prófraunum lífsins. Slíkt val á sér stað þegar við reidum okkur á það sem við trúum á, og hljótum staðfestingu á því þegar við breytum samkvæmt þeirri trú.

Hverjar eru sumar þeirra máttugu reglna sem trúin byggist á?

- Setja traust sitt á Guð og á vilja hans til að liðsinna þegar þess er þörf, hversu erfiðar sem aðstæðurnar kunna að vera.
- Hlýða boðorðum hans og haga lífi okkar þannig að hann geti treyst okkur.
- Vera næm á hina hljóðu rödd heilags anda.
- Fylgja hugrökk því sem sú rödd býður okkur.
- Vera þolinmóð og skilningsrík þegar Guð leyfir að við heyjum baráttu til að þroska okkur og njóta friðarins um tíma þegar svör berast.

„Trú er von um það, sem ekki er unnt að sjá. Deilið því ekki, sakir þess að þér sjáið ekki, því að þér fáið engan vitnisburð fyrr en eftir að reynt hefur á trú yðar“ (Et 12:6). Alltaf þegar við því látum reyna á trú okkar – sem er að breyta verðuglega undir þrýstingi – munum við hljóta örugga staðfestingu andans. Þegar við förum að mörkum þekkingar okkar og út í hálfmyrkur óvissunar, og sýnum trú, verður okkur vísað á lausn, sem við hefðum annars ekki fundið. Guð mun ekki alltaf umbuna okkur þegar í stað, líkt og við þráum, jafnvel þótt við sýnum afar sterka trú. Guð mun öllu heldur veita okkur það sem best er fyrir okkur í eilífri áætlun hans, þegar það verður okkur til mestrar farsældar. Verum þakklát fyrir að Guð leyfi stundum að við heyjum baráttu langa hríð áður en við hljótum bænheyrslu. Það eflir trú okkar og persónuleika.

Undirstaða persónuleikans er ráðvendni. Verðugur persónuleiki styrkir getu okkar til að þekkja leiðsögn andans og hlýða henni. Þegar við iðkum stöðugt trú byggjum við upp sterkari persónuleika. Örugg undirstaða fyrir vaxandi persónuleika okkar er lögð með því að gera Jesú Krist og kenningar hans að þungamiðju í lífi okkar.

Hamingja okkar á jörðunni, sem og eilíf sáluhjálp okkar, krefst margra réttra ákvarðana, og engra sem erfitt er að taka. Saman mynda þessar ákvarðanir varnarvegg fyrir persónuleikann til að sporna gegn áhrifum syndar og misgjörða. Göfugur persónuleiki er líkur dýrmætu ekta postulíni, mótaður af trú, vandlega unninn af réttlátum verkum í bræðsluofni uppbyggjandi lífsreynslu. Hann býr yfir miklum þokka og ómetanlegu verðmæti. Þó er hægt að skaða hann á andartaki með misgjörð, sem krefst langvarandi og

sársaukafullrar enduruppbyggingar. Þegar réttlátur persónuleiki er verndaður með sjálfsgöngu mun hann vara að eilífu.

Efnislegir hlutir veita í sjálfu sér ekki hamingju og fyllingu og þá gleði sem hljóta má hér á jörðu. Þeir leiða okkur ekki heldur til upphafningar. Það er göfgi persónuleikans, þræðir innri styrks og sannfæringar sem ofnir eru úr ótal réttlátum ákvörðunum, sem gefur lífinu gildi. Stöðugt réttlátt líf leiðir til innri styrks og kraftar, sem veita varanlega vörn gegn eyðingarmætti syndar og misgjörða. Trú okkar á Jesú Krist og hlýðni við boðorð hans munu efla persónuleika okkar. Persónuleiki okkar er mælikvarði á það sem við erum á leið með að verða. Hann er sönnun þess hversu vel við höfum nýtt reynslutíma okkar á jörðunni.

Við þökkjum öll regluna um að menn fái það sem þeir greiða fyrir. Það á einnig við um hið andlega. Við fáum það sem við greiðum fyrir með hlýðni, með trú á Jesú Krist, með samviskusamri tileinkun á þeim sannleika sem við höfum lært. Persónuleiki okkar mótast, við vöxum að getu og reynt verður til þrautar á jarðneska tilveru okkar, svo við fáum notið farsældar og gleði.

Við megum ekki vera aðgerðarlaus í lífinu, því þá mun hinn náttúrlegi maður draga úr þeirri viðleitni okkar að lifa verðuglega. Við verðum það sem við gerum og hugsum. Skortur á mannkostum leiðir til þess að menn taka að láta undan eigin ástríðum og leita persónulegs gróða. Við getum ekki bætt veikan persónuleika með uppgerð og yfirskini.

Með tímanum mun sá sem tekur ákvarðanir byggðar á tilviljunum næstum örugglega drýgja alvarlega synd. Slíkir finna aldrei járnstöng sannleikans til að halda í á hinum rétta vegi. Þeir munu stöðugt standa frammi fyrir slóttugum freistingum og víkja sér undan boðorðunum. Þær ákvarðanir eru réttlættar með því að telja sér trú um að þær séu ekki svo slæmar, að þær falli betur í kramið og stuðli að fleiri vinum. Snjöllum einstaklingi, sem ekki lifir eftir grundvallarreglum, tekst stundum að ná tímabundið talsverðum árangri. En slík velgengni er lík sandkastala. Þegar prófraun persónuleikans hvolfist yfir, fellur hann og tekur oft aðra með sér. Hversu vandlega sem misgjörðarmaðurinn reynir að halda brotum sínum leyndum, mun hann næstum alltaf opinberlega afhjúpaður. Satan sjálfur sér til þess. Hann og fylgjendur hans eru staðráðnir í að valda sérhverju barni himnesks föður eins miklum skaða og mögulegt er. Ein alvarleg óhlýðni eða trúnaðarbrot vekur spurningar um hvort brotin séu fleiri eða ekki. Það rífur niður það traust sem aðrir hafa borið til þess einstaklings.

Jarðlífið er prófraun. Styrkleiki persónuleika okkar ákvarðast af því hversu vel okkur tekst að takast á við áskoranir þessa lífs. Trú okkar á Jesú Krist og kenningar hans efla persónuleika okkar.

Sjálfur hef ég sannreynt að hugtök líkt og trú, bæn, elska og auðmýkt hafa ekki mikla þýðingu og leiða til engra kraftaverka fyrr en þau verða, fyrir eigin reynslu, lifandi hluti af okkur sjálfum, með hjálp hins ljúfa innblásturs heilags anda. Snemma í lífi mínu komst ég að því að ég gat lært kenningar fagnaðarerindisins vitsmunalega, og með rökfærslu og könnun áttað mig á því að þær væru mikils virði. En hinn gríðarlegi kraftur sem í þeim bjó til að teygja mig lengra en eigið ímyndunarafl og geta megnuðu, varð ekki að veruleika fyrr en stöðug og þolinmóð iðkun gerði heilögum anda mögulegt að útvíkka merkingu þeirra í hjarta mínu. Ég komst að því að þegar ég þjónaði öðrum af einlægni, eflði Guð persónuleika minn. Hann sá til þess að geta mín til þess að þökkja leiðsögn andans óx. Áætlun fagnaðarerindisins býr yfir þeirri snilld, að með því að gera það sem

Drottinn býður okkur að gera, er okkur gefið að geta skilið og gert allt sem nauðsynlegt er til að hljóta frið og ríkulega lífsfyllingu. Við hljótum einnig nauðsynlegan undirbúning fyrir eilífa hamingju í návist Drottins.

Vitnisburður er eflur með andlegum innblæstri sem staðfestir gildi kenningar um réttláta breytni. Oft fylgja sterkar tilfinningar slíkri handleiðslu, tilfinningar sem kalla fram tár og gera okkur erfitt um mál. En vitnisburður er ekki geðshræring. Hann er kjarni persónuleikans, ofinn úr þráðum ótal réttra ákvarðana. Þær ákvarðanir eru teknar af staðfastri trú á það sem við teljum rétt, en fáum ekki séð, a.m.k. ekki í upphafi. Sterkur vitnisburður veitir frið, huggun og fullvissu. Hann leiðir til sannfæringar um að lífið verði fagurt, sé kenningum frelsarans vandlega fylgt, að framtíðin verði trygg og að okkur muni takast að sigrast á þeim áskorunum sem á vegi okkar verða. Vitnisburður sprettur af skilningi á sannleikanum, fyrir bæn og ígrundun andlegra kenninga. Hann er nærður með því lífa eftir þeim sannleika, í þeirri öruggu trú að hinn fyrirheitni árangur náist.

Vitnisburður okkar styrkist þegar við hlítum fúslega tíundarlögmálinu og gefum föstufórnir og Drottinn mun blessa okkur ríkulega fyrir það. Eftir því sem vitnisburður okkar eflist, mun Satan leggja harðar að sér að freista okkar. Stöndum gegn tilraunum hans. Við verðum sterkari og áhrif hans á okkur verða veikari.

Satan fær að hafa aukin áhrif í heiminum til þess að þær aðstæður skapist, að við getum sannað okkur sjálf. Þótt Satan valdi tjóni og usla í dag, þá eru lokaörlög hans ákveðin af Jesú Kristi með friðþægingu hans og upprisu. Djöfullinn mun ekki sigra. Jafnvel nú verður hann að starfa innan þeirra marka sem Drottinn setur. Hann getur ekki rænt okkur neinum verðskulduðum blessunum. Hann getur ekki breytt persónuleika sem mótast hefur af réttlátum ákvörðunum. Hann hefur ekkert vald til að eyðileggja þau eilífu bönd sem mynduð hafa verið í helgu musteri á milli eiginmanns og eiginkonu og barna. Hann megna ekki að kæfa sanna trú. Hann megna ekki að þurrka út vitnisburð okkar. En hægt er að glata þessu með því að láta undan freistingum hans. En hann hefur engan mátt í sjálfu sér til að eyðileggja það.

Ég geri samantekt:

- Guð notar trú okkar til að móta persónuleika okkar.
- Persónuleikinn sýnir hvað við erum að verða.
- Sterkur persónuleiki er árangur stöðugra réttra ákvarðana.
- Undirstaða persónuleikans er ráðvendni.
- Því meira sem við eflum persónuleika okkar, því hæfari verðum við til að beita krafti trúar.

Auðmýkt er sá eiginleiki sem gerir okkur kleift að taka á móti kennslu frá upphæðum með andanum, eða úr kennslufni sem á uppruna í innblæstri frá Drottni, svo sem ritningunum og ummælum spámannanna. Auðmýkt er hinn dýrmæti og frjósami jarðvegur réttláts persónuleika. Í henni tekur sáðkorn persónulegs vaxtar að skjóta frjóöngum. Sé slíkt sáðkorn ræktað með iðkun trúar, sniðlað með iðrun og nært með hlýðni og góðum verkum, mun það bera fram þráðan ávöxt andlegrar leiðsagnar. Af því

leiðir guðlegur innblástur og kraftur – innblástur til að þekkja vilja Drottins og kraftur til að framfylgja þeim vilja.

Ég vil deila með ykkur fjórum reglum sem hafa fært mér innilegan frið og hamingju. Drottinn hefur sett fram þessa hornsteina í eilífri áætlun sinni og allar reglurnar eru nauðsynlegar. Allar virka saman og efla hver aðra. Þegar þeim er stöðugt fylgt og af kostgæfni, munu þær efla persónuleika, auka getu okkar til að gera áskoranir lífsins að hamingjustiklum, nú og alltaf. Þær eru:

- Trú á Drottin Jesú Krist og áætlun hans um að hljóta kraft til afreka.
- Iðrun til að leiðrétta afleiðingar af mistökum vegna syna eða vanrækslu.
- Hlýðni við boðorð Drottins til að veita okkur styrk og leiðsögn.
- Óeigingjörn þjónusta til að auðga líf annarra.

Ef þið hafið ákveðið að lifa réttlátlega, látið þá ekki hugfallast. Lífið kann að virðast erfitt, en haldið fast í járnstöng sannleikans. Ykkur gengur betur en þið haldið. Með baráttunni skerpið þið persónuleikann, ræktið sjálfsaga og fullvissu um loforð himnesks föður og frelsarans, er þið haldið stöðugt boðorð þeirra. Megi heilagur andi veita ykkur innblástur til að taka alltaf réttlátar ákvarðanir sem efla persónuleika ykkar og veita ykkur mikla gleði og hamingju. Í nafni Jesú Krists, amen.